

Kæri bæjarstjóri, bæjarfulltrúar og aðrir viðstaddir.

Ég heiti Helena Rut Káradóttir og er fulltrúi ungmennaráðs Akraness.

Það er mjög líklegt að þú hafir þurft að setjast út í bíl, spennt beltið, bakkað út úr bílastæðinu og keyrt um það bil 4 km í vestur og sömu leiðar til baka. Þessa leið keyra fjölmargir íbúar Akraneskaupstaðar til þess eins að skila af sér flokkuðu sorpi sem fellur til á heimilum.

Þessi leið gerir það sömuleiðis að verkum að mögulega eru margir að flokka kolvitlaust og hugsa lítið út í það hvað er verið að gera með því að flokka ruslið.

Nú erum við á þeim stað að ungt fólk, sem á endanum tekur við keflinu, hefur alist upp við flokkun frá blautu barnsbeini og því ekki verið að kenna gömlum hundi að sitja.

Nú er neflilega tækifæri til þess að bæta í og gera betur.

Við þurfum að færa ferlið nær íbúum Akraness, láta íbúa taka meiri þátt, leyfa fólki að taka meiri ábyrgð á neysluvenjum og flokkun þess sem fellur til á heimilum.

Það að byggja upp grenndarstöðvar á Akranesi myndi hafa jákvæð áhrif. Í fyrsta lagi myndi það fækka keyrðum kílómetrum bæjarbúa, sem er gott fyrir umhverfið og sömuleiðis veskið. Í öðru lagi myndi það færa meiri ábyrgð yfir á neytendur, því alltaf viljum við efla náungann. Í þriðja lagi gæfi það enn frekari tækifæri fyrir bæjarbúa að kjósa sér bíllausan lífstíl.

Þetta gæti verið verkefni sem byrjar smátt, með möguleika á frekari útbreiðslu þegar líður á.

Grenndarstöðvar þurfa ekki að vera flóknar eða tæknivæddar, en þær þurfa að geta tekið við tilfallandi sorpi sem ekki má setja í almenna flokkunartunnur, eins og t.d. glerkrukkum, nytjavörum, flöskum og fleiru.

Á höfuðborgarsvæðinu eru 85 grenndarstöðvar, þar af 57 í Reykjavík.

Þannig að á öllu höfuðborgarsvæðinu er ein grenndarstöð á hverja 2.700 íbúa og í Reykjavík einni og sér er ein grenndarstöð á hverja 2.300 íbúa.

Ef við myndum opna þrjár grenndarstöðvar myndi það gera eina grenndarstöð á hverja 2.500 íbúa hér á Akranesi.

Sem er klárlega eitthvað til þess að stefna að.

Takk fyrir mig.